



Páll Guðmundsson

FJÖLL RÍMAR VIÐ TRÖLL
MOUNTAINS RHYME WITH TROLLS

LISTASAFN REYKJAVÍKUR - ÁSMUNDARSAFN
REYKJAVÍK ART MUSEUM - ÁSMUNDUR SVEINSSON SCULPTURE MUSEUM

JANÚAR - APRÍL 2001

Fjöll rímar við tröll

Ásmundur Sveinsson nefndi oft að tröllin hans ættu upphaf sitt að rekja til íslensku fjallanna. Aðrir hafa tekið undir þetta; Tónar hafsins, Tröllkonan, Sonartorrek og Helreiðin - allt séu þetta monúm-ental verk, sem bendi til himins, og sópar að líkt og að fjöllum.

Þannig hefur íslensk náttúra verið kveikjan að fjölskrúðugum listaverkum Ásmundar, sem rísa upp með stórfengum hætti en vísa um leið til mannsins og tilvistar hans. Í formum sínum og inntaki benda þau um leið til þeirrar óþrjótandi uppsprettu listarinnar sem er að finna í fjöllum landsins og þeim hulduheimum, sem þar þrífast í vitund þjóðarinnar.

Fleiri íslenskir myndhöggvarar hafa leitað til náttúrunnar, hver með sínum hætti. Fáir þeirra sem nú starfa á þessum vettvangi hafa þó verið jafn gagnteknir af þeim möguleikum sem landið býður lista- manninum upp á og Páll Guðmundsson frá Húsafelli.

Páll hefur lengi unnið beint í náttúruna í sínu næsta nágrenni, þar sem hann sækir efni sitt - íslenskt grjót í öllum regnbogans litum. Þar verða myndefni hans einnig til, líkt og þau spretti út úr steinunum, sem listamaðurinn hefur valið að vinna í hvert skipti.

Bæjargilið við Húsafell hefur verið allt í senn; efnisnáma listamannsins, vinnustaður og uppspretta hugmynda. Verk hans sýna okkur ýmist persónur, dularfullar fígúror, dýr eða undraverur; allt þetta blasir við í grjótinu úr gilinu eftir að listamaðurinn hefur farið um það höndum, hömrum og meitlum. Hann hefur leyst úr læðingi þær myndir, sem búið hafa innra með efninu.



Það býr margt tröllslegt í þeir björgum, sem Páll Guðmundsson hefur skapað listaverk sín úr. Þær forynjur sem búið hafa í íslenskum fjöllum samkvæmt þjóðtrúnni hafa sýnilega margar orðið þeim ör-lögum að bráð að daga uppi við Húsafell - og síðan að njóta þeirra forréttinda að finnast og birtast á ný fyrir tilstilli myndhöggvarans.

Þjóðsögur hafa verið mörgum íslenskum listamönnum ríkuleg viðfangsefni. Þeir Ásmundur Sveinsson og Páll Guðmundsson hafa báðir sótt mikið í brunn þjóðsagna, og eru t.d. verk Páls helguð Hellismannasögu afar eftirminnileg; sýning þeirra í Surtshelli í Hallmundarhrauni var ein sérstæðasta list-sýning síðasta áratugar.

En það býr fleira í grjótinu frá Húsafelli en furðudýr og undraverur. Þar er einnig að finna hinn hreina tón, sem hljómar tært þegar slegið er á steininn. Og fyrr er varir er listamaðurinn búinn að koma saman heilu hljómborði af ólíkum steinum, og tónlistarmenn hafa fengið aðgang að nýju hljóðfæri náttúrunnar, sem hægt er að spila á fjölbreytilega tónlist innan um önnur listaverk.

Rímið í landinu og hljómurinn náttúrunnar sjálfrar koma þannig saman á einum stað - að þessu sinni á samsýningu Ásmundar Sveinssonar og Páls Guðmundssonar í Ásmundarsafni.

Eiríkur Þorláksson



“Mountains rhyme with Trolls”

Ásmundur Sveinsson often mentioned that his trolls originated in the Icelandic mountains. Others have concurred; Tones of the Sea, Trollwoman, Lament and Hell-Ride - all of these are monumental works that point heavenward, and are imposing like the mountains.

In this way Icelandic nature has given rise to a number of rich works by Sveinsson, that rise up in a magnificent way but at the same time refer to man and his existence. Through their forms and subjects they also point to the inexhaustible fountain of art that is to be found in the mountains of the country and those hidden worlds, that thrives there according to the national conscience.

Other Icelandic sculptors have looked to nature, each in their own way. However, few that are now working in this medium have been as enthralled by the possibilities that the land has to offer as Páll Guðmundsson from Húsafell has been.

Páll has for a long time worked directly in the nature in his home environment, where he find his materials - Icelandic rocks in all the colours of the rainbow. There his subjects also take form, as if they jump out of the stones that the artist has chosen to work with on each occasion.

The gully by the Húsafell farm has been, all at once; the artist's mine for materials, his place of work and a fountain of new ideas. His works now show us people, now mysterious figures, now animals or beings of wonder; all this lies open before the eyes in the rocks of the gully after the artist has put his hand, hammers and chisels to them. He has freed the images that have long waited within the material.



There are many Cyclopean beings found in the rocks that Páll Guðmundsson creates his works of art from. Many of the monsters that have lived in Icelandic mountains according to legends have apparently met their fate by being seen by the sun at daybreak and turning to rocks at Húsafell - and later enjoyed the privilege of being discovered and seen anew through the efforts of the sculptor.

Legends have been a rich source of subjects for many Icelandic artists. Both Ásmundur Sveinsson and Páll Guðmundsson have gone repeatedly to the well of legends, and Guðmundsson's works dedicated to the Cavemen Legend are very memorable; their exhibition in Surt's Cave in the Hallmundur lavafield was one of the most striking exhibition of the past decade.

But there is more to be found in the rocks from Húsafell than strange animals and beings of wonder. There you will also find the pure tone, that resounds clearly when the rock is struck. And before you know it the artist has put together a whole keyboard of different rocks, and musicians have access to a new instrument of nature, that allows them to play a variety of music, set among other works of art.

The rhyme of the land and the sound of nature itself thus come together in one place - this time in a joint exhibition of the works of Ásmundur Sveinsson and Páll Guðmundsson in the Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum.

Eiríkur Thorláksson



Páll Guðmundsson
Fæddur/Born: 1959

Heimilisfang/ Adress: Húsafell 2
Sími/Telephone: +354 435 1443

Nám/Education:

1977-1981 Myndlista- og handiðaskóli Íslands/The
Icelandic College of Art and Crafts.

1985-1986 Listaháskólinn í Kóln, Þýskaland./

Helstu einkasýningar/Selected solo exhibitions:

- 1981 Borgarnes.
Landspítalinn, Reykjavík.
- 1985 Kjarvalsstaðir, Reykjavík.
Tvær sýningar í Þýskalandi.
- 1988 Gallerí Grjót.
- 1989 Nýhöfn, Reykjavík.
- 1992 Hafnarborg, Hafnarfirði.
Stöðlakot, Reykjavík.
Mokkakaffi, Reykjavík.
- 1993 Munaðarnes.
London, Englandi.
- 1995 Akranes.
Sýning í Surtshelli.
- 1996 Vættatal, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar,
Listahátið í Reykjavík.
- 1997 Gallerí Sævars Karls.
- 1998 Heilagur Þorlákur, samsýning í Hallgrímskirkju.

Valdar samsýningar/Selected joint exhibitions:

- 1981 Samsýning ungra myndlistarmanna,
Kjarvalstöðum, Reykjavík.
- 1988 Sophienholm, Danmörk.
- 1994 Sten og mennesker, Quarqortoq, Grænland.
- 1999 Hraun og menn, Vestmannaeyjum.
- 2000 Turnleikar og umbergis, Gallerí Reykjavík, Reykjavík.
- 2001 Samsýning með Ásmundi Sveinssyni,
Ásmundarsafni, Reykjavík



Efnisnotkun/Materials:
Steinn o.fl./ Stone etc.

Annað/Other:
Menningarverðlauna Dagblaðsins 1996.

Verk í eigu opinberra aðila / Works in public Collections:
Forsetasetrið Bessastöðum
Listasafn Íslands /The National Gallery of Art, Iceland.
Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavík Art Museum.
Listasafn Kópavogs/The Kópavogur Art Museum.
Menningarmiðstöðin Hafnarborg/ Hafnarborg Cultural Center

Stjórn Ásmundarsafns / The board of The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum: Guðrún Jónsdóttir, formaður / chair,
Ásdís Ásmundsdóttir, Anna Geirsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson.

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / Director of Reykjavík Art Museum: Eiríkur Þorláksson.

Ljósmyndun / Photography: Kristján Pétur Guðnason. Þýðing / Translation: Eiríkur Þorláksson.

Umsjón með gerð sýningarskrár / Catalogue production: Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir.

Umbrot og prentun / Layout and printing: Prentsmiðjan Grafík h.f.

